

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

13. janúar 2026
UOS2501411/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. október 2025 – ID 137

Þann 8. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Gallon ehf. í Krossanesi á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Oil Test strimlar frá Macherey-Nageg (Qualitative Oil test paper, MN | MACHEREY-NAGEL) til að mæla magn olíu í fráveituvatni gefa aðeins vísbendingar um það hvort olía sé til staðar í fráveituvatni og greiningarmörk geta verið yfir hámarki heimils magns olíu í fráveitu skv. starfsleyfi.
2. Minnt er á að rekstraraðili ber ábyrgð á að koma í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar og að flytja reglulega allan úrgang sem fellur til við starfsemina á móttökustöð sem hefur starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi til endurnýtingar eða förgunar.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár eða oftari ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Síðasta skráða mæling á olíu í fráveituvatni var gerð árið 2021. Við eftirlit voru ekki til staðar gögn sem sýndu fram á að mælingar á olíu í frárennsli hafi verið gerðar árið 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits